

## FORSÆTISNEFND

Ár 2024, föstudaginn 2. febrúar, var haldinn 336. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:05. Viðstödd voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Stefán Pálsson. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Andrea Helgadóttir og Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. málsli. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Alexandra Briem og Sabine Leskopf. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Bjarni Þóroddsson og Ólöf Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 6. febrúar 2024. Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárlíðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:
  - Umræða um Kvosina og Austurstræti sem heildstætt göngusvæði, sbr. 11. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2024 (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar)
  - Tillaga Sjálfstæðisflokks um að falla frá áformum um flugvöll við Hvassahraun
  - Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um að draga til baka fyrirhugaðar sumarlokanir bókasafna
  - Tillaga Vinstri grænna um að tryggja greiðan aðgang fólks að fjöldasamkomum og mótmælum í almannarýminu
  - Umræða um smáhýsin í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
  - Umræða um stöðu samgöngusáttmálans og sex mánaða skýrslu Betri samgangna ohf., sbr. 20. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. febrúar 2024 (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)
  - Umræða um álit innviðaráðuneytisins varðandi rétt borgarfulltrúa að setja málefni Ljósleiðarans ehf. á dagskrá borgarstjórnar (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks)
  - Kosning í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð
  - Kosning í skóla- og frístundaráð MSS24010053
- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. janúar 2024, varðandi framlengingu á veikindaleyfi Trausta Breiðfjörð Magnússonar borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands. MSS22090101
- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. janúar 2024, varðandi launsnarbeiðni Ástu Þórdísar Skjalddal Guðjónsdóttur varaborgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands. Vísað til borgarstjórnar. MSS24010240
- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. febrúar 2024, þar sem tilkynnt er að Halldóra Hafsteinsdóttir taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í umhverfis- og skipulagsráði í stað Ástu Þórdísar Skjalddal Guðjónsdóttur. MSS22060046

### Fundi slitið kl. 10:41

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Magea Gná Jóhannsdóttir  
Sabine Leskopf

Marta Guðjónsdóttir  
Stefán Pálsson